

Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík

5. júlí 2017  
UST201706-299/P.B.S.  
10.04.02

## **Efni: Aðalskipulag - Árskógssandur**

Vísað er til bréfs umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar er barst þann 29. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna aðalskipulagsbreytingar á Árskógssandi, Dalvíkurbyggð. Í greinargerð kemur fram að sótt sé um svæði til þess að reka eldisstöð fyrir sjógönguseiði sem síðan fara í sjókvíar í öðrum eldisstöðvum. Breyta þarf Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 þannig að gert verði ráð fyrir um 0,7 ha landfyllingu austan hafnarinnar.

### **Skipulagssvæðið**

Skipulagssvæði deiliskipulagsins er tvískipt. Annars vegar er lóð á skipulögðu athafnasvæði við Öldugötu og hins vegar athafnasvæði á nýrri fyllingu austan hafnarinnar. Íbúðabyggðin á Árskógssandi er öll á flatlendi ofan sjávarbakkans. Gert er ráð fyrir að stækka bílastæðin til austurs meðfram lóð sjógönguseiðadeildarinnar. Austan hafnarinnar er öll ströndin röskuð með sjóvarnargarði. Í greinargerð kemur fram að bygging sjógönguseiðadeildar og landfyllingin þar sem sjógönguseiðadeildin er áformuð mun að öllum líkindum ekki hafa áhrif á útsýni frá byggðinni, en eftir sem austar dregur mun svæðið sjást betur.

### **Landfylling**

Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir landfyllingu að stærðinni 0,7 ha. Samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er landfylling þar sem áætluð uppfylling er allt að 5 ha, flokkuð í flokk C, framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er metið í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum, sbr. 2. viðauka.

### **Umhverfisáhrif**


Í umhverfisskýrslunni kemur fram að umhverfisáhrif verði meðal annars vegna framkvæmda á uppbyggingartíma, áhrif á vatnsbúskap vegna vatnstöku, stök seiða, áhrif á líf í sjó vegna landfyllingar og lyfja og efnanotkun.

## Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur að í umræddri lýsingu sé gerð fullnægjandi grein fyrir helstu umhverfisáhrifum sem breyting skipulags mun að líkindum hafa í för með sér og hvaða umhverfisþætti séu líklegastir til að verða fyrir áhrifum vegna breytinganna.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við lýsinguna.

Virðingarfyllt



Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
Sérfræðingur



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur